


Borgar- og sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	4/2 2015
Málsnr:	1502083
Bréfal:	370

Reykjavík 30. janúar 2015

Efni: Málefni ferðþjónustu fyrir fatlað fólk

Þegar þetta er ritað hefur ferðþjónusta fyrir fatlað fólk verið rekin í einn mánuð með breyttu fyrirkomulagi og frá 1. nóvember 2014 í Reykjavík. Hefur innleiðing þessa breytinga á ferðþjónustunni gengið mjög brósuglega en vissulega hefur þeim tilfellum fækkað þar sem fólk er sótt seint eða alls ekki. Ekki er þó ljóst hversu langan tíma í viðbót skipuleggjandi þjónustunnar, Strætó bs. þarf til að koma umræddum frávikum niður í 1-2% af heildarfjölda ferða hvern dag. Fyrir sléttum tveimur vikum síðan fékk Strætó bs. tvær vikur til að koma frávikum sem voru fjórðungur allra farinna ferða niður í óskilgreint ásættanlegt ástand. Ekki er hægt að segja að ástandið sé ásættanlegt í dag eins og staðan er.

Skráningar á þeim einstaklingum sem nota ferðþjónustuna verið lagaðar af hálfu sveitarfélagana en rangar skráningar ollu miklu erfiðleikum í upphafi ársins.

Hins vegar virðist tölvukerfi það sem keypt var ekki ráða við verkefnið þrátt fyrir itrekuð loforð Strætó bs. um annað.

Fjöldamörg dæmi eru um að 2-3 einstaklingar séu sóttir á 2-3 bílum á sama stað og þeir síðan keyrðir í halarófu á einn og sama staðinn. Dæmi frá 23. janúar: 3 bílar úr Hafnarfirði sækja þrjá einstaklinga sem búa í 1 km radius frá hver öðrum. Fara þeir svo í halarófu upp í Ásgarð í Mosfellsbæ.

Verst eru þó dæmin þegar einstaklingar sem missa af ferð þar sem þeir fá enginn skilaboð (SMS) um að bíll sé að koma, að sækja viðkomandi eða þegar farþegi verður bílsins ekki var og ekið er í burtu eftir hámark 3 mínútna bið.

Sjálfsbjörg telur rétt að óska eftir viðræðum við kjörna fulltrúa beint og milliliðalaust hvort ekki sé allra hagur að segja upp því tölvukerfi sem nú er notað (Trapeze) og kaupa annað í staðinn sem mælt er með í þennan akstur.

Á Norður-Jótlandi í Danmörku var umrætt kerfi notað en því hætt eftir þrjá mánuði vegna samskonar reynslu og við erum er að upplifa hér.

Annaði dæmi, þá strikar umrætt kerfi sjálfvirkt allar ferðir út, það sem eftir er dags, mæti farþegi ekki í fyrstu ferð dagsins.

Um SMS skilaboð: tölvukerfið á að senda skilaboð 15 mínútum áður en bíll kemur. Allur gangur er á því hvort eða hvenær bíll kemur eftir að SMS er sent.


Þetta er bara nokkur dæmi um þá meinbugi sem eru á umræddu kerfi.

Við hjá Sjálfsbjörg teljum einnig er nauðsynlegt að fara yfir þær breytingar á reglum um ferðapjónustu sem sveitarfélögin hafa gert bæði fyrir og eftir áramót. Nauðsynlegt er að hagsmunasamtök eins og Sjálfsbjörg geti átt þetta samtal við sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu, samtal sem enn hefur ekki verið tekið en er nauðsynlegt að gera!

F.h Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra


Grétar Pétur Geirsson formaður


Bergur Þorri Benjamínsson varaformaður


Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri